

Fréttapistill frá forseta Íslands

31. maí 2021

Í nýliðinni viku tók ég þátt í stafrænum fundi undir merkjum HeForShe-átaksins. Þar eru karlar hvattir til þess að stuðla að jafnrétti kynjanna um víða veröld og hef ég notið þess heiðurs undanfarin ár að vera málsvari á þessum vettvangi, „HeForShe Champion“. Ávarp mitt má m.a. sjá hér á twitter:

<https://twitter.com/PresidentISL/status/1398308846297358346>. Á twitter-síðu minni birtast ávörp, kveðjur og annar boðskapur á ensku, með það að markmiði að ná til fólks utan landsteinanna.

Á þriðjudaginn var heimsóttum við Eliza lögregluþjóna, landamæraverði, heilbrigðisstarfsfólk og aðra sem sinna gæslu á Keflavíkurflugvelli. Síðustu misseri hafa þessir framverðir framfylgt reglum um sýnatökur, sóttkví, ferðatakmarkanir og aðrar sóttvarnaaðgerðir á landamærunum. Við nutum þess mjög að hitta og spjalla við starfsfólk flugstöðvarinnar. Í stuttu ávarpi þakkaði ég því fyrir mikilvæg og vandasöm störf í þágu lands og þjóðar á erfiðum stundum. Páll Ketilsson og félagar á Víkurfréttum unnu sjónvarpsþátt um heimsóknina og birtist hann hér:

<https://www.vf.is/.../forsetahjonin-i-sudurnesjamagasini...>

Þetta kvöld lá leið mín aftur suður með sjó. Ég fylgdist með viðureign karlaliða Grindavíkur og Stjörnunnar í úrslitakeppni körfuboltans, í boði körfuknattleiksdeildar heimafélagsins og Fannars Jónassonar bæjarstjóra. Ég þakka kærlega gestrisni heimamanna og hlýhug. Á leiknum sló um stund í brýnu milli stuðningsmanna heimaliðs og gesta. Fólk þarf að kunna sig, hvetja sitt lið en láta ekki skapið og tilfinningar hlaupa með sig í gönur. Í oddaleik í Garðabæ á föstudagskvöld höfðu heimamenn betur og eru komnir áfram í undanúrslit. Þeim áfanga náðu KR-ingar líka eftir magnaða rimmu við Val. Að leik loknum tilkynnti Jón Arnór Stefánsson að hann legði nú skóna á hilluna. Jón var leikmaður Vals í vetur en KR-ingur um langa hríð þar á undan, að ógleymdum farsælum ferli fyrir Íslands hönd og með ýmsum stórliðum erlendis. Jón Arnór Stefánsson er með allra bestu íþróttamönnum sem Ísland hefur alið, sannur leiðtogi og keppismaður en líka ljúfur drengur og góð fyrirmynd. Ég sendi honum mínar allra bestu kveðjur og þakkir fyrir frábæra frammistöðu í heimi íþróttanna.

Síðastliðið miðvikudagskvöld sat Eliza hátíðarkvöldverð og ársþing Bandalags kvenna í Reykjavík. Þar voru þær Alma Möller heiðraðar. Okkar ágæti landlæknir var valin kona ársins 2020 og Eliza hlaut hvatningarviðurkenningu bandalagsins. Ég óska þeim að sjálfsögðu báðum til hamingju með þessa verðugu vegsemd.

Þennan dag sendi ég forseta Georgíu, Salome Zourabichvili, heillaóskir á twitter á þjóðhátíðardegi Georgíumanna. Kynni mín af þeirri þjóð hófust undir lok níunda áratugar síðustu aldar þegar ég var í háskólanámi á Englandi og hitti georgíska skiptinema þar. Þau sögðu mér frá miklum Íslandsvini heima í Tbilísi, höfuðborg landsins. Hann hefði kennt sjálfum sér íslensku og vildi allt til vinna að komast til Íslands. Ég sendi honum línu og lét fylgja með kassetu með íslenskum

ættjarðarlögum sem ég hafði með mér úti (þetta var fyrir daga internets og stafrænnar byltingar). Nokkru síðar barst mér bréf frá Tbilísi. Það var skrifað á fornlegri en nær lýtalausri íslensku. Bréfritarinn var Íslandsvinurinn góði, Grigol Matchavariani. Meðal annars spurði hann um leiðir til að komast til Íslands, hann skyldi vinna við hvað sem er til að sjá fyrir sér og sínum um leið og hann myndi þýða íslenskar og georgískar bókmenntir til að efla samband þjóðanna tveggja.

Maður gat ekki annað en heillast af þessari einlægu ást á íslenskum sagnaarfi, menningu og mannlífi. Ég ráðlagði Grigol að skrifa Velvakanda Morgunblaðsins og forsætisráðherra sem þá var Davíð Oddsson. Til að gera langa sögu stutta lét Davíð styðja Grigol til Íslandsferðar og reyndist hann happafengur, eignaðist hér marga vini og sat svo sannarlega ekki auðum höndum, þýddi verk af miklum móð. En svo gripu örlögin inn í. Í ferð heim til Tbilísi var ekið á Grigol og lést hann af þeim áverkum sem hann þá hlaut. Kona hans og dóttir, Irma og Tamar, búa hins vegar enn hér á Íslandi, góðir vinir mínir.

Svo er það önnur saga að ekki hefur verið unnt að veita öllum þeim fjölda Georgíumanna dvalarleyfi sem um það hafa sótt undanfarin ár, og enn önnur saga að í nýliðinni viku var stofnað hér á landi vináttufélag Íslands og Georgíu.

En aftur að embættisverkum og öðrum viðburðum: Síðastliðinn miðvikudag flutti ég opnunarávarp Nýsköpunarvikunnar 2021 í frumkvöðla- og sprotamiðstöðinni Grósku í Reykjavík. Á nýsköpunarviku, sem stendur til 2. júní, gefst fyrirtækjum og frumkvöðlum kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum þar sem spennandi sóknarfæri og frjóar hugmyndir geta sprottið upp, eins og segir í kynningu vikunnar en dagskrá hennar má sjá hér: <https://www.nyskopunarvikan.is/dagskra>. Meðal viðburða var sjósund í Nauthólvík á föstudaginn var, þar sem matvæli sprotafyrirtækisins Feed the Viking voru kynnt að loknum hressandi sundspretti. Sund í sjó er hressandi afþreying, sé allrar varkárni gætt.

Samhliða viðburðinum í Grósku stóð tölvuleikjafyrirtækið CCP fyrir kynningu á opnu netnámskeiði um vináttu á tímum aukinnar tölvuleikjaspilunar. Námskeiðið verður í boði innan hins þekkta edX-nets og nefnist Vináttuvélin: Að mynda nýja tegund mannlegra tengsla (Friendship machine: forming a new type of human connections). Kennarar eru þeir Tryggvi Hjaltason, yfirráðgjafi í stefnumótun hjá CCP, og Ársæll Már Arnarsson, prófessor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þegar rétt er að málum staðið eru tölvuleikir spennandi og skemmtileg dægradvöl. Þeir eru löngu orðnir órjúfanlegur þáttur í menningu samtímans. Á kynningunni voru nefnd þau kunnu sannindi að tölvuleikjaheimurinn veltir nú meira fé en iðnaður kvikmynda og tónlistar samanlagt. Sjálfur læt ég mér duga að leika netskrafl lon og don.

Á fimmtudaginn var tók ég á móti duglegum blóðgjöfum á Bessastöðum, körlum á besta aldri sem hafa gefið blóð meira en 150 sinnum. Sjálfur er ég fjarri því að vera hálfdrættingur á við þá höfðingja en náði þó fyrir þann dag að gefa blóð í 53. sinn. Blóðgjöf er lífgjöf.

Föstudaginn 28. maí (afmælisdag móður minnar sem varð 81 árs þann dag) sótti ég annan afmælisfagnað. Sjávarklasinn við Grandagarð í Reykjavík er merkt framtak sem náð hefur tíu ára aldri, heimahöfn frumkvöðla og sprotafyrirtækja sem sinna

hvers kyns nýsköpun í útvegi, hinum sígilda atvinnuvegi okkar Íslendinga. Í hátíðarávarpi minntist ég einmitt á hversu lofsvert það væri að geta tengt saman fornar undirstöður og framsækna nýjungar. Að sama skapi nefndi ég hversu ánægjulegt það væri (sem er því miður ekki algilt) að geta sett saman í eina hugsun og setningu útveg og stolt, frumkvæði og samfélagslegar framfarir sem snúast um að nýta á sjálfbæran hátt sameiginlega auðlind allra landsmanna.

Á laugardegi naut ég þess svo að vera foreldri á vormóti Þróttar í Reykjavík í knattspyrnu pílta og stúlkna. Þar virtist stjórnin styrk og sjálfbóðaliðar stóðu sig í stykkinu. Ég þakka kærlega fyrir mig.

Að síðustu nota ég tækifærið og sendi handhafanum Guðmundi Felix Grétarssyni hlýjar kveðjur. Þær góðu fréttir bárust fyrir helgi að taugar í nýja handleggi hans vaxa hraðar en vonir stóðu til. Nú er hann farinn að hnykla vöðvana, þessi persónugervingur ótrúlegrar þrautseigju og æðruleysis. Hjartanlega til hamingju!